



## Stjórnarfundur 5. desember 2013, nr. 25

**Fundurinn er haldinn fimmtudaginn 5. desember á Hótel Héraði, Egilsstöðum.**

Fundur er settur kl. 15:00.

Mættir: Valdimar Hermannsson, sem stýrði fundi, Sverrir Mar Albertsson, Auður Anna Ingólfssdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Stefán Bogi Sveinsson og Arnbjörg Sveinsdóttir (kom 15:50). Karl Sölvi Guðmundsson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Forföll boðuðu: Adolf Guðmundsson og Þórunn Eymundsdóttir (varamaður).

### Dagskrá fundarins:

1. Fundargerðir stjórnar og framkvæmdaráðs: Til staðfestingar og undirritunar.
2. Fjármál Austurbrúar og fjárhagsáætlun 2014.
3. Beiðni um niðurfærslu krafna og afskriftir.
4. Skýrsla framkvæmdastjóra. (KSG)
  - Leiðtoganámskeið fyrir fulltrúa Austurbrúar.
  - Samningur Keilis og Austurbrúar.
  - Húsnæðismál Austurbrúar.
  - Staða samninga við ráðuneyti og staða fjárlaga.
5. Starfsáætlun stjórnar 2014.
6. Önnur mál.

1.

Fram lögð fundargerð 24. fundar stjórnar. Hún staðfest og undirrituð. Eftir er að staðfesta fundargerð framkvæmdaráðs frá 8. október og verður hún lögð fyrir næsta fund stjórnar.

2.

Fulltrúi fjármála og rekstrar forfallaðist vegna veikinda. Framkvæmdastjóri fór yfir nokkrar lykiltölur. Lagðar fram rauntekjur fyrstu tíu mánaða ársins og til samanburðar tekjuáætlun

ársins. Tekjur eru umfram áætlun sé miðað við 10 mánuði. Einnig lagt fram yfirlit yfir útgjöld fyrstu 10 mánuði ársins og til samanburðar áætlun ársins. Fyrir liggur að launakostnaður og almennur rekstrarkostnaður mun verða nokkuð umfram áætlun. Áfram er stefnt að því að rekstrarniðurstaða ársins verði í samræmi við áætlun.

Fram kom hjá framkvæmdastjóra að unnið er að gerð fjárhagsáætlunar út frá áætlun einstakra sviða. Búist er við að áætlunin liggi fyrir um miðjan desember. Áætlunin verður send stjórnarmönnum þegar hún liggur fyrir.

3.

Fram lagður listi yfir útistandandi viðskiptakröfur úr bókhaldi Þekkingarnets Austurlands. Kröfurnar hafa verið í innheimtuferli en talið er að þær muni ekki innheimtast og endurskoðandi leggur til að þær verði afskrifaðar í tengslum við uppgjör á Þekkingarneti Austurlands.

Stjórn samþykkir að afskrifa fram lagðar kröfur.

Fram lagt bréf frá stjórn Húss handanna ehf. vegna kröfu sem færð er í efnahagsreikning Austurbrúar. Fram kemur í bréfinu að krafan er til komin vegna standsetningar á sameiginlegu húsnæði Húss handanna og Upplýsingamiðstöðvar, en þeim kostnaði var skipt til helminga milli aðila. Í bréfinu kemur fram tilboð um uppgjör á skuldinni gegn niðurfellingu hluta hennar.

Stjórn samþykkir að ganga að því tilboði sem fram kemur í bréfinu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samkomulagi þess efnis.

4.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu nokkurra mála og verkefni undanfarinna vikna.

- Fulltrúar Austurbrúar ásamt framkvæmdastjóra sátu leiðtoganámskeið fyrir stjórnendur dagana 21.-23. nóvember. Framkvæmdastjóri telur almenna ánægju hafa verið með námskeiðið og það hafi þegar komið að gagni í starfi stofnunarinnar. Áfram verður unnið á grundvelli þess sem fram kom á námskeiðinu með markvissri eftirfylgni.
- Nýverið var undirritaður samstarfssamningur milli Austurbrúar og Keilis þar sem tryggt er aðgengi að námi sem í boði er á Keili í gegnum Austurbrú. Samkvæmt efni samningsins er starfshópur beggja stofnana nú að móta nánara fyrirkomulag samstarfsins.
- Húsnæðismál á Vönarlandi eru í áframhaldandi vinnslu.

- Búið er að boða til fundar með menntamálaráðgjafum um framtíð menningarsamninga. Staða allra samninga er enn nokkuð óljós meðan beðið er niðurstöðu fjárlaga. Framkvæmdastjóri og formaður stjórnar munu fylgja málum eftir.

5.

Á síðasta fundi stjórnar var formanni falið að vinna að starfsáætlun stjórnar. Umræða varð um fjölda, innihald, staðsetningu og tímasetningu stjórnarfunda, markmið í starfi stjórnar og fleira. Lögð voru fram drög að starfsáætlun sem einnig voru til umræðu. Formanni falið að vinna málið áfram.

6.


- Rætt um næsta fund stjórnar. Þegar fjárhagsáætlun liggur fyrir og hefur verið send stjórnarmönnum verður metið hvort kallað verður til fundar fyrir áramót. Að öðrum kosti verður næsti fundur stjórnar boðaður í janúar.
- Auður spurði um stöðu á húsnæðismálum Upplýsingamiðstöðvar. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þreifingum um húsnæðismálin. Unnið er að lausn þeirra mála í samstarfi við Fljótsdalshérað. Stjórn leggur áherslu á að mikilvægt sé að finna bráðabirgðalausn til að Upplýsingamiðstöð geti verið opin áfram komi til þess að flutt verði úr núverandi húsnæði þegar leigusamningur rennur út.
- Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann átti með formanni fagráðs Austurbrúar þar sem rædd voru verkefni fagráðs og stjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 17:45.


Stefán Bogi ritaði fundargerð.




Valdimar O. Hermannsson




Arnbjörg Sveinsdóttir



Stefán Bogi Sveinsson



Rögnvaldur Ólafsson



Sverrir Mar Albertsson



Auður Anna Ingólfssdóttir